



Amboð:  
Glósumnar  
ykkar um  
skýrslugerð  
Mannslíkaminn

# Styrkur í hári



## Hvað er eitt hár sterkt?

Hárið á þér er gert úr dauðum frumum og sömuleiðis neglurnar. Þrátt fyrir það er það nokkuð sterkbyggt.

- A)** Lestu verkefnið vel, hvað þarf að nota og hvað á að rannsaka.
- B)** Hvað heldur þú að hægt sé að festa margar klemmur í hárið áður en það slitnar? Skráðu tilgátu þína
- C)** Haltu í annan enda hársins. Settu klemmu á hinn endann. Heldur hárið klemmunni?
- D)** Prófaðu hvað er hægt að klemma margar klemmur í hárið áður en það slitnar í sundur.
- E)** Lýstu tilrauninni og skráðu niðurstöðuna. Passar hún við tilgátuna? Hvaða ályktun dregur þú af tilrauninni?
- F)** Endurtaktu tilraunina en notaðu annað hár. Var það jafn sterkt? Prófaðu einnig hár úr bekkjarfélagi þínum.
- G)** Lestu um hár á bls. 66 í Mannslíkamanum. Úr hverju er hár gert? Afhverju stafar mismunandi hárlitur?

Útskýrðu hár í stuttu máli.

**Afurð: Skýrsla með niðurstöðum**

**VAL**  
**Einstaklings-**  
**verkefni**